

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurborg
frá 12. nóv. 1917.**

70
22. oktbr.

2. málsgrein 23. gr. reglugjörðarinnar orðist þannig:

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum, og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skipsins og bólvirkisins, bryggjunnar eða bátanna, svo ekkert falli fyrir borð. Við uppskipun og útskipun á kolum eða öðrum vörum, sem ryk fylgir, skal haga verki svo, að ekki þyrlist upp ryk öðrum til бага, þegar tæmd eru ílát, sem kolin, eða varan er flutt í. Sje þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 11. júlí 1911, til þess að öðlast þegar gildi og er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. okt. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.